

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2016

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl. (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.), 857. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar. Bandalagið átti fulltrúa í nefnd um endurskoðun laga um almannatrygginga sem skipuð var af félags- og húsnæðismálaráðherra í nóvember 2013. Bandalagið studdi megin niðurstöður nefndarinnar sem að mestu leyti hafa verið færðar inn í frumvarpið sem nú er til umsagnar, að undanskildu starfsgetumati.

Því styður bandalagið framgang þeirra tillagna sem frumvarpið tekur til en leggur ríka áherslu á að bætt verði við ákvæðum um starfsgetumat í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun almannatryggingarlaga. Samkvæmt stefnu BSRB sem samþykkt var til þriggja ára í október s.l. telur bandalagið að gera þurfi grundvallarbreytingar á almannatryggingarkerfinu þar sem lítið er til starfsgetu einstaklinga en ekki örorku þeirra.

Í niðurstöðum nefndar um endurskoðun almannatrygginga er sérstaklega vakin athygli á því að í óbreyttu kerfi er því ljóst að dæmi geta verið um einstaklinga sem hafi fengið 75% örorkumat en eru hins vegar með fulla starfsgetu þrátt fyrir skerðingu eða sjúkdóm, sjá bls. 10-11. Í tengslum við niðurstöðu nefndarinnar lögðu BSRB ásamt ASÍ, BHM, KÍ og SA fram bókun. Þar segir að lögð sé áhersla á að metin sé starfsgeta einstaklinga í stað vangetu þeirra, aukin réttindi fólks sem býr við orkuskerðingu á bilinu 25-50% með því að taka upp kerfi hlutabóta og tryggja endurhæfingarmöguleika í stað núverandi örorkubótakerfis sem festir fólk oft í fátækragildru og dregur úr hvata til starfsendurhæfingar og atvinnuþátttöku.

EKKI náðist samstaða í nefndinni um endurskoðun almannatrygginga um tillögur til breytinga á barnalífeyri almannatrygginga. Í fyrrnefndri bókun samtaka launafólks og atvinnurekenda segir að brýnt sé að félags- og húsnæðismálaráðherra og Alþingi beiti sér fyrir því að gerðar verði breytingar hið fyrsta á barnalífeyri sem tryggi jafnræði í framfærslustuðningi við tekjulágt barnafólk, óháð því hvort það hefur launatekjur á vinnumarkaði eða lífeyristekjur.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir